

2. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 24. september 2019 kl. 19:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson ásamt Aðalbjörgu Skúladóttur bókara.

Forföll boðuðu: Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



1. Keppnistímabil handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Pórir Haraldsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir gjaldkeri og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar Selfoss fóru yfir verkefni deildarinnar, fjárhagsstöðu að loknu seinasta keppnistímabili og fleiri þætti m.t.t. nýhafins keppnistímabils.

2. Ársreikningar félags og deilda

Átta mánaða uppgjör framkvæmdastjórnar og deilda félagsins lögð fram til kynningar eftir því sem það liggur fyrir.

3. Viðmiðunarreglur um æfingagjöld Umf. Selfoss

Lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu á næsta fundi aðalstjórnar.

4. Rafleikir hjá Umf. Selfoss

Í samræmi við samþykkt aðalfundur Umf. Selfoss 2019 um iðkun rafíþróttanna innan Umf. Selfoss hefur framkvæmdastjóri verið í samskiptum við forvarnarfulltrúa Árborgar varðandi samvinnu við Sveitarfélagið Árborg um utanumhald og iðkun á rafíþróttum í Árborg.

Framkvæmdastjórn samþykkir að unnið verði áfram á þessum sameiginlega vettvangi.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 20:46.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**